



# Almannavarnir Árnæssýslu

24. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn miðvikudaginn  
7.júní 2017 kl: 15:00 í fundarsal Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi.

## Mætt:

Sveitarfélagið Árborg

Hveragerðisbær

Grímsnes og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Sveitarfélagið Ölfus

Flóahreppur

Bláskógabyggð

Rauði krossinn

Svæðisstjórn björgunarsveita

Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi/AÁ

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almannavarnir/Brunavarnir Árnæssýslu

Brunavarnir Árnæssýslu

Gestir

Ásta Stefánsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Ingibjörg Harðardóttir

Jón G. Valgeirsson

Gunnsteinn Ómarsson

Eydís Indriðadóttir

Valtýr Valtýsson

Eyvindur Bjarnason

Lárus Kristinn Guðmundsson

Kjartan Þorkelsson

Oddur Árnason

Víðir Reynisson

Anna María Snorradóttir

Pétur Pétursson

Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Friðjón Pálmason, Almannavarnadeild RLS

Kristín Jónsdóttir, Veðurstofa Íslands

Tobias Hessner

Ásta Stefánsdóttir, formaður AÁ, býður fundarmenn velkomna, setur fundinn og skipar Pétur Pétursson, framkvæmdastjóra AÁ, fundarstjóra.

## 1. Erindi frá Kristínu Jónsdóttur, „Jarðvám á Suðurlandi“.

Kristín sagði frá helstu jarðvám á Suðurlandi. Hún talaði um Suðurlandsskjálfta og skjálftsprungur í nágrenninu. Einnig fór hún yfir helstu eldfjöll á Suðurlandi og hvar vísbendingar eru um að eldsumbrot gætu orðið á næstunni. Hún fór yfir vöktun á eldstöðvum, hvaða eldstöðvar eru mest vaktaðar og hverjar minna vaktaðar.

## 2. Staða á verkefnum verkefnastjóra, Víðir Reynisson

- Víðir byrjaði á að segja frá hópslysæfingu á Vatnajökli í vor. Hugmyndir að hafa stórslysæfingu á Kerlingarfjallasvæðinu að vetrartíma næst.
- Víðir sagði frá þeim viðbragðsáætlunum sem eru í vinnslu. Hann ræddi ferlið sem viðbragðsáætlanirnar fara í, hvernig kynningum og undirritunum skal vera háttað.
  - o Umræður um ferlið. Um er að ræða nokkrar áætlanir sem þurfa að fara fyrir Almannavarnarnefnd Árnæssýslu. Þegar áætlanirnar verða tilbúnar fara þær til

nefndarmanna til yfirlstrar. Þegar nefndarmenn hafa samþykkt áætlanirnar verða þær samþykktar á nefndarfundi og að því loknu kynntar hverri sveitarstjórn.

- Hugmyndir eru um að hafa áherslufiku almannavarna í hverju sveitarfélagi þar sem farið er yfir helstu ógnir í hverju sveitarfélagi. Reynt verður að hafa samstarf við skólana og enda svo á íbúafundi þar sem sérfræðingar hvevrrar áherslu munu halda erindi. Kjartan og Víðir munu senda hugmyndir að dagsetningum til sveitastjóra á næstunni.
- Öryggi á ferðamannstöðum. Víðir talaði um öryggisáætlun og hættumat á ferðamannastöðum en kerfi er í smíðum til að auðvelda gerð slíkra áætlana.
- Umræður um almannavarnir, hvenær er almannavarnaástand? Oddur og Pétur hrósuðu góðu samstarfi viðbragðsaðila á svæðinu bæði í stórum og smáum vettvöngum.

### **3. Erindisbréf framkvæmdastjóra AÁ til staðfestingar.**

Ásta kynnti erindisbréf framkvæmdastjóra AÁ og sagði frá lítilsháttar breytingum á samþykktum Héraðsnefndar Árnassýslu. Staðfest af fundarmönnum með undirskrift.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:50